

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun bankastjóra Landsbankans hf. heyrir undir kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 22. maí 2012 frá bankaráði Landsbankans hf. þar sem óskað er eftir endurskoðun launakjara bankastjórans. Í bréfinu segir að laun bankastjórans séu ekki í samræmi við ábyrgð, starfsskyldur, vinnuframlag og árangur í starfi. Þá séu launin ekki í samræmi við þá sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Launakjör bankastjórans séu því ekki í samræmi við 2. og 3. mgr. 9. gr. laga um kjararáð og 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Fram kemur að Landsbankinn hf. sé stærsta fjármálafyrirtæki landsins með margþætta og flókna starfsemi. Lög og reglur geri miklar kröfur til hæfni bankastjóra og leggja á hann ábyrgð og starfsskyldur sem gangi lengra en almennt gerist um hlutafélög. Þá segir að í núverandi umbreytinga- og uppbyggingarferli hafi auk þess komið til sérstök krefjandi verkefni sem leitt hafi til óvenjulega mikils starfsálags. Raunverulegur vinnutími bankastjóra utan dagvinnu hafi að jafnaði verið yfir 90 klukkustundir á mánuði og bendi allt til að svo verði áfram. Í bréfinu kemur fram að bankaráð líti svo á að bankastjórinn hafi náð framúrskarandi árangri í stjórnun og rekstri bankans.

Í bréfi bankastjórnarinnar segir einnig að frá því kjararáð ákvað bankastjóranum laun hafi orðið verulegar breytingar á launum sambærilegra hópa. Landsbankinn sé viðskiptabanki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en það sé sú tegund fjármálafyrirtækja sem hafi víðtækastar starfsheimildir samkvæmt þeim lögum. Sömu sérákvæði gildi um ábyrgð og starfsskyldur bankastjóra Landsbankans hf. og gildi um bankastjóra annarra viðskiptabanka. Einungis Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. séu sambærilegir hvað varði efnahag, rekstur, markaðshlutdeild, starfsemi, starfsmannafjölda og viðskiptamannafjölda. Bankastjórar Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. geti því talist sambærilegir bankastjóra Landsbankans hf. með tilliti til starfa og ábyrgðar í skilningi 1. mgr. 8. gr. laga um kjararáð. Kjararáði beri því skylda til að gæta þess að laun bankastjóra Landsbankans hf. séu í samræmi við laun bankastjóra Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Einnig er vakin athygli á að 8. gr. laga um kjararáð komi ekki í veg fyrir að heildarlaun bankastjórans verði ákveðin hærrí en föst laun forsætisráðherra. Krafist er verulegrar hækkunar á launum bankastjórans til framtíðar. Jafnframt er þess krafist að kjararáð ákveði sérstaka eftirá leiðréttingu á launum hans frá og með 1. júní 2010 til þess tíma sem framangreind hækkun taki gildi.

Með bréfum dagsettum 24. maí 2012 var fjármálaráðuneytinu og Bankasýslu ríkisins gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Einnig var bankastjóra Landsbankans hf. með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 6. júní 2012 segir að fjármálaráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Landsbankans hf. hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör bankastjórans þann 21. júní 2010, að öðru leyti en fram komi í bréfi formanns bankaráðs Landsbankans hf. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör bankastjórans.

Í svari bankastjórans dagsettu 8. júní 2012 er tekið undir það sem fram kemur í bréfi formanns bankaráðs.

Kjararáði barst tölvupóstur frá stjórnarformanni Landsskila ehf. og stjórnarmanni í Landsbankanum hf. hinn 8. júní 2012. Í bréfinu er bent á að Landsbankinn hf. sé hlutafélag í samkeppnisrekstri. Þar séu gríðarleg verðmæti og miklir hagsmunir fyrir hluthafa að vel takist til í rekstrinum. Öllu máli skipti hvernig bankanum sé stýrt og verði bankinn að geta boðið samkeppnishæf laun, annað feli í sér rekstraráhættu.

Í svari Bankasýslu ríkisins dagsettu 18. júní 2012 er tekið undir sjónarmið bankaráðs um að laun bankastjóra Landsbankans hf. séu of lág. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við þá kröfu að ráðgjöf um hugsanlegar breytingar á samningum á milli Landsbankans hf., Landsbanka Íslands hf. og fjármálaráðuneytis f.h. ríkisins tilheyri ekki starfi hans sem bankastjóri.

Í bréfi Bankasýslunnar er tekið undir sjónarmið bankaráðs um að laun bankastjórans séu of lág í ljósi ábyrgðar hans og álags í starfi, að laun hans eigi ekki að miðast við laun forsætisráðherra og að þau eigi að ákvarðast af bankaráði en ekki af kjararáði. Að mati Bankasýslu ríkisins sé full ástæða til að taka tillit til ábendinga formanns bankaráðs um samanburð á kjörum bankastjóra Landsbankans hf. og kjörum bankastjóra Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Í starfskjarastefnu Landsbankans hf. segi að kjör bankastjóra skuli vera samkeppnishæf. Samhljóðandi ákvæði sé að finna í eigendastefnu ríkisins sem fulltrúum ríkisins í stjórn bankans beri að fara eftir. Jafnframt er þó bent á að í starfskjarastefnunni og eigendastefnunni komi fram að þó að kjör bankastjóra skuli vera samkeppnishæf skuli þau ekki vera leiðandi. Því sé mikilvægt að gæta hófs við leiðréttinguna þannig að hún samræmist lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, eigendastefnu ríkisins og starfskjarastefnu Landsbankans hf. Þá segir að eðlilegt sé að ákveða tímasetningu á leiðréttingu á launum bankastjóra í samræmi við þær venjur sem skapast hafi í sambærilegum málum hjá kjararáði.

Með bréfi dagsettu 20. júní 2012 fékk bankastjóri Landsbankans hf. send bréf fjármálaráðuneytis og Bankasýslu ríkisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi bankastjórans dagsettu 4. júlí 2012 kemur fram að frá því hann tók til starfa hafi komið í ljós að vinnustundir, vinnuframlag og álag í starfi bankastjórans sé mun meira en gengið hafi verið útfrá við ráðningu og lagt hafi verið til grundvallar í ákvörðun kjararáðs um launakjör hans. Breytingar hafi verið gerðar á erindisbréfi bankastjórans í nóvember 2011 sem falið hafi í sér ný og aukin verkefni. Í bréfinu er lögð á það áhersla að í því efnahagsástandi og þeirri óvissu sem bankinn hafi búið við og muni búa við komi reglulega upp óvænt og gríðarlega umfangsmikil verkefni sem krefjast vinnuframlags bankastjóra langt umfram það sem gera megi ráð fyrir undir hefðbundnum kringumstæðum. Sem dæmi um slík verkefni megi nefna gengislánadóma Hæstaréttar, samruna Landsbankans hf. og SpKef (ath) og samning milli Landsbankans hf, Landsbanka Íslands hf. og fjármálaráðuneytis. Vinnuframlag umfram dagvinnu hafi verið geysilega mikið frá því hann tók til starfa og megi búast við að svo verði áfram. Í bréfinu kemur fram að bankastjórinn telur það vera í þágu hagsmuna bankans, hlutafélags á samkeppnismarkaði með fleiri hluthafa en hið opinbera, að bankinn greiði samkeppnishæf laun án þess að vera leiðandi og þannig í samræmi við eigendastefnu ríkisins. Landsbankinn hf. hafi miklum skyldum að gegna í samfélaginu og trúverðugleiki og traust til bankans sé mikilvægt. Hann megi ekki búa við lakari starfsskilyrði en samkeppnisaðilarnir. Segir jafnframt að ef í ljós komi að leikreglurnar sem um hann gilda séu í framkvæmd í ósamræmi við það sem gildi hjá öðrum bönkum og fyrirtækjum, hvort sem litið sé til góðra stjórnarháttanna eða ákvarðana um viðskiptaleg málefni bankans, eins og t.d. innri málefni varðandi kaup og kjör starfsmanna, muni það draga úr tiltrú bankans og samkeppnishæfni hans. Slíkt fyrirkomulag muni skaða bankann, starfsfólk hans, viðskiptavini, eigendur og samfélagið allt. Með bréfinu fylgdi erindisbréf bankastjóra dagsett 19. maí 2010 og viðbætur við erindisbréf bankastjóra dagsett 24. nóvember 2011. Jafnframt fylgdi bréfinu afrit af bréfi formanns bankaráðs Landsbankans hf. til Bankasýslu ríkisins dagsett 4. júlí 2012 þar sem fjallað er um fyrirhugaða ráðgjöf bankastjórans vegna fjárhagslegs uppgjors milli Landsbankans hf., Landsbanka Íslands hf. og fjármálaráðuneytisins.

III.

Landsbankinn hf. var stofnaður 9. október 2008. Eigendur bankans nú eru ríkissjóður Íslands með 98% eignarhlut og Landsbankinn hf. sem sjálfur á 2% hlut. Bankinn tók yfir innlendar eignir

Landsbanka Íslands hf. til þess að tryggja eðlilega bankastarfsemi og öryggi innstæðna á Íslandi. Bankinn rekur útibú víða um landið. Í samþykktum félagsins segir að nafn þess sé Landsbankinn hf. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi sem samræmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni. Bankaráð skal skipað sjö mönnum og tveimur til vara og eru þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og er formaður kosinn sérstaklega. Bankaráð ræður framkvæmdastjóra sem nefnist bankastjóri. Hann hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri og hefur heimild til að skuldbinda félagið. Bankastjóri kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Bankastjóri skal bera undir bankaráð þær ráðstafnir sem talist geta óvenjulegar og verulegar. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal bankastjóra Landsbankans hf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað bankastjóra Landsbankans hf. laun þann 21. júní 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var höfð nokkur hliðsjón af þeim einingafjölda sem fyrrverandi bankastjóra var ákveðinn. Um leið var hann færður í átt til samræmis við fjölda eininga þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaut milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Landsbankinn hf. er stórt fjármálafyrirtæki með víðtækt útibúanet. Að teknu tilliti til stærðar fyrirtækisins og ábyrgðar þess á íslenskum fjármálamarkaði telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun bankastjórans. Einingaverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun bankastjóra Landsbankans hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2012 skulu mánaðarlaun bankastjóra Landsbankans hf. vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 934.637 krónur. Að auki skal greiða honum 65 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi bankastjóri Landsbankans hf. haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi hann að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili bankastjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör bankastjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson